# STRANDGATA 31-33
# HAFNARFIRÐI




AFSTÖÐUMYND 1:500




SNEIÐING 1

Sampykkt þann
01. JÚLÍ 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SVÆÐI SEM ER SKÁSTRIKAÐ
ER EKKI INNAN UMSÓKNAR

## Strandgata 31-33 (Stgr. 1400-1-84000310)

## Byggingarlýsing:

Breytingar innanhúss á 1. hæð:

Eignir 0102 verslun og 0103 verslun / þjónusta verða samnýttar sem sérhæfð líkamsræktarstöð fyrir verðandi mæður. Opnað verður á milli eignanna með hurðaropum.

Líkamsræktarstöðin býður einungis upp á þjónustu fyrir konur. Þar af leiðandi eru búningsaðstaða, sturtur og salerni ekki kynskipt.
Ekki verður boðið upp á þjónustu fyrir fatlaða og því er sótt um undanþágu frá 6.1.3 gr.byggingarreglugerðar um kröfur um algilda hönnun.

Núverandi frágangur innanhúss verður rifinn. Hurð á milli núverandi rýmis 0102 og stigahúss verður fjarlægð og hurðargati lokað.
Nýjir léttir innveggir eru hefðbundnir gipsplötuveggir á blikkstoðum. Steyptir veggir og léttir innveggir verða málaðir hvítir. Hurðir eru harðplastklæddar timburhurðir. Gólf í móttöku er með harðparketti. Gólf í sölum 1 og 2 er lagt íþróttagólfi úr gúmmímottum. Gólf í búningsherbergi er lagt floti. Gólf og veggir í sturtu- og salernisrými eru klædd með epoxý-steinteppi. Loft eru klædd með niðurteknu kerfislofti með steinullarplötum með hljóðísogi.

Engar breytingar verða á frágangi utanhúss.
Engar breytingar verða á brúttó-fermetrum eða brúttó-rúmmáli hússins.

Starfsmenn verða að staðaldri að hámarki 2.

**BURÐARVIKRI:**

Engar breytingar eru á burðarvirki hússins vegna þessarar breytingar innanhúss.

**LAGNIR:**

Þriflagnir verða endurnýjaðar eftir þörfum miðað við nýtt innra skipulag. Það sama á við um hitalagnir.

**LOFTRÆSING:**

Loftræsing hússins var endurbætt á árunum 2015-2018. Loftræsikerfið verður aðlagað að nýju innra skipulagi. Vélræn útsog verða frá búningsherbergi, sturturými og salernum.

**RAFLAGNIR:**

Raflagnir verða endurnýjaðar miðað við nýtt innra skipulag.

**RÆSTISKÁPUR:**

Ræstiskápur er staðsettur í rýminu og er hann læsanlegur og loftræstur sbr. 8. mgr. 14. gr. hollustuháttareglugerðar þar sem segir: „Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiáhöld og ræstilaug, þar sem það á við."

**Skráningartafla:**
Skráningartafla breytist ekki við þessar breytingar

**BRUNAVARNIR:**

Brunavarnir eru samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar 112/2012 ásamt síðari tíma breytingum í samráði við Mannvit hf.
Í rýminu er gert ráð fyrir sérhæfðri starfsemi líkamsræktarstöðvar og er áætlaður hámarksfjöldi færri en 50 manns. Starfsemi í rýminu fellur undir notkunarflokk 2 samkvæmt töflu 9.01 í byggingarreglugerð. Settir verða stakir reykskynjarar samanber grein 9.4.3 og töflu 9.02 í byggingarreglugerð. Í rýmið skal jafnframt setja neyðarlýsingu samkvæmt grein 9.4.12 og leiðarlýsingu (ÚT-ljós) samkvæmt grein 9.5.11 í byggingarreglugerð. Tvær óháðar flóttaleiðir verða frá hverjum stað á rýminu og lengsta göngulengd styttri en 30 m. Hurðir á flóttaleiðum skal vera hægt að opna án tafar og án þess að nota þurfi lykil eða sérstök verkfæri. Í rýminu skal vera a.m.k. eitt 6 l léttvatnstæki. Allar klæðningar í rýminu, veggir og loft verða í flokki 1, B-s1,d0. Gólfefni skal vera í flokki Dfl-s1.

Upprunalegir höfundar:
Strandgata 31: Sigurður Guðmundsson (1965)
Strandgata 33: Hákon Hertervig (1975)




GRUNNMYND 1. HÆÐAR

HEILBRIGDISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ

MANNVIT hf.
Kt. 430572-0169

| | BREYTING: | SAMÞ: |
|---|---|---|
| A | | |
| B | | |
| C | | |
| D | | |
| E | | |
| F | | |
| G | | |

VERKEFNI: STRANDGATA 31-33
MHL. 01,
HAFNARFIRÐI

TEIKNING: AFSTÖÐUMYND - BYGGINGLÝSING
GRUNNMYND 1. HÆÐAR - SNIÐ

DAGS/TEIKNAÐ: 09.06.2020/KB

SIGN:

BREYTING:

**ARK-AUST** FLÚÐASEL 66, 109 REYKJAVÍK
KRISTJÁN BJARNASON BYGGINGAFR BFÍ.
S: 354 698 6930 - kristjanarc@gmail.com Kt: 120369-5479

| MÆLIKV: | VERK NR: | TEIKN NR: |
|---|---|---|
| A1 = 1:100 / 1:500 | A-446 | 101 |